


ÖRYGGISHNAPPUR SECURITAS

ÖRYGGI ÖLLUM STUNDUM



SECURITAS

Sími 580 7000 | www.securitas.is

ÖRYGGI ÖLLUM STUNDUM

Flestir kjósa að fá að dvelja heima hjá sér eins lengi og hægt er þegar aldurinn færir yfir. Hið sama gildir um þá sem glíma við veikindi eða afleiðingar slysa.

Með öryggishnapp Securitas um úlnið eða háls eykur þú öryggi þitt innan veggja heimilisins. Ef eitthvað kemur upp á er einfalt og fljótlegt að gera viðvart. Þú býrð við meira öryggi og aðstandendum þínum líður betur að vita af þér í öruggum höndum.

ÖRYGGI Í ÁSKRIFT

Þú greiðir aðeins lágt mánaðargjald fyrir öryggishnapp Securitas, þann búnað og alla þá þjónustu sem honum fylgir. Ef læknir þinn metur það svo að þú hafir þörf fyrir hnappinn þá getur þú fengið styrk frá Sjúkratryggingum Íslands til kaupa á þjónustunni.

BEINT SAMBAND Í EINNI SNERTINGU

Öryggishnappur Securitas er einfalt tæki og fyrirferðarlítið. Þú berð hnappinn um úlnið eða háls. Hann er því alltaf innan seilingar ef óhapp, veikindi eða slys ber að höndum.

Þú einfaldlega ýtir á hnappinn og boðin berast samstundis til stjórnstöðvar Securitas. Þú færð beint talsamband við sérþjálfað starfsfólk og öryggisverðir Securitas eru alltaf á vakt og bregðast hratt og örugglega við.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma 580 7000. Kynntu þér öryggishnappinn og hvað hann getur gert fyrir þig.

ÞEGAR MIKIÐ LIGGUR VIÐ

1. Ýttu á hnappinn og boð berast til stjórnstöðvar Securitas sem hefur allar nauðsynlegar upplýsingar um þig.
2. Um leið kemst á beint talsamband milli þín og stjórnstöðvar. Öryggisvörður með lykil að húsnæðinu kemur á vettvang ef þörf krefur.
3. Sjúkrabíll og/eða læknir er sendur á vettvang ef þarf og við látum aðstandendur vita.

SVONA SÆKIR ÞÚ UM HNAPPINN HJÁ SJÚKRATRYGGINGUM ÍSLANDS

1. Heimilislæknir þinn eða sérfræðingur fyllir út og sendir umsókn um öryggishnapp til SÍ.
2. Hjálpartækjamiðstöð SÍ sendir þér svar um afgreiðslu umsóknarinnar.
3. Þú óskar eftir öryggishnappi frá Securitas og Hjálpartækjamiðstöð SÍ sendir Securitas beiðni.
4. Tæknimaður Securitas mætir heim til þín, setur hnappinn upp, gengur frá öllu, kennir þér á tækið, útskýrir ferlið sem fer í gang þegar ýtt er á hnappinn, sér um skráningu allra nauðsynlegra upplýsinga og fær afhenta lykla að húsnæði þínu.
4. Að lokinni uppsetningu er öryggi þitt tryggt með 24 tíma öryggisþjónustu frá Securitas.

SÉRÞJÁLFAÐIR VETTVANGSLIÐAR



Öryggisverðir Securitas fá sértæka þjálfun á vegum Sjúkraflutningaskólans í bráðþjónustu á vettvangi og undirbúningi sjúkraflutnings.

Þetta eykur öryggi og tryggir rétt og fumlaut viðbrögð í útköllum og þegar aðstoðar er óskað. Securitas er eina öryggisfyrirtæki landsins sem þjálfar starfsfólk sitt með þessum hætti.

18 gæslubílar sinna reglubundnum eftirlitsferðum dag og nótt og bregðast hratt og örugglega við boðum frá einstaklingum, heimilum og fyrirtækjum.

500 starfsmenn og sérfræðingar Securitas vinna við þjónustu, öryggislausnir, snjallkerfi og upplýsingatækni sem uppfyllir öryggiskröfur viðskiptavina.

14.000 heimili í vöktun alla daga allan ársins hring.

3.000 einstaklingar með öryggishnapp Securitas.

8.000 fyrirtæki í vöktun.



Í FORYSTU SÍÐAN 1979

Securitas hefur frá upphafi verið brautryðjandi í öryggisþjónustu og fyrirbyggjandi eftirliti á Íslandi.

Öflug stjórnstöð hefur umsjón með mannaðri gæslu, fjargæslu og yfir 100 gæslu- og þjónustubílum á vettvangi.

Ríflega 500 starfsmenn standa vörð um öryggi yfir 20.000 einstaklinga, heimila og fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum – allan sólarhringinn, alla daga ársins.

REYKJAVÍK
Skeifunni 8
108 Reykjavík

REYKJANES
Löðvöllum 13
230 Reykjanesbær

AKRANES
Kirkjubraut 2
300 Akranesi

AKUREYRI
Tryggvabraut 10
600 Akureyri

SUÐURLAND
Austurvegi 10
800 Selfoss

AUSTURLAND
Strandgötu 18
735 Eskifjörður



SECURITAS

Sími 580 7000 | www.securitas.is